



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Rekstur íþróttastarfs og íþróttamannvirkja í Efra Breiðholti

Íþróttafélagið Leiknir og Íþróttafélagið Aþena gerðu með sér samkomulag í mars árið 2022 um senda sameiginlegt lið til keppni í 1. deild meistaraflokks kvenna í körfuknattleik keppnistímabilið 2022-23. Þessi ákvörðun var hluti af aðgerðaráætlun liðanna sem miðar að því að byggja upp fjölbreyttara og metnaðarfullra íþróttastarf í Efra-Breiðholti. Í framhaldi af samkomulaginu óskaði Íþróttafélagið Aþena eftir að nýta Austurberg 3 fyrir íþróttastarf félaganna og að taka að sér rekstur íþróttamannvirkisins. Reykjavíkurborg og Íþróttafélagið Leiknir hafa átt mjög farsælt samstarf til margra ára og gerðu með sér samning um rekstur félagsins og íþróttamannvirkja í Efra Breiðholti sem rann út í lok árs 2022. Í tengslum við nýjan samning var tekið upp samtal við bæði félögin um að útvíkka samning borgarinnar og Leiknis og leggja til að Íþróttahúsið að Austurbergi 3 bættist við samninginn og samstarfið við Aþenu.

Lagt er til að menningar-, íþrótt- og tómstundaráð samþykki framlögð drög að samningi við Íþróttafélagið Leikni og Íþróttafélagið Aþenu um rekstur íþróttastarfs og íþróttamannvirkja í Efra Breiðholti.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri.

Hjálagt:

Drög að samningi

Samningur um rekstur íþróttamannvirkja

Þessi samningur er gerður á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík og Íþróttafélagsins Leiknis (hér eftir nefnt Leiknir) kt. 690476-0299, Austurberg 1, 111 Reykjavík. Aþena íþróttafélag (hér eftir nefnt Aþena), kt. 681020-1600 er einnig aðili að samningi þessum vegna nýtingar og reksturs í íþróttahúsinu við Austurberg 3.

Í fylgiskjal 1 með samningi þessum er undirritað samkomulag Leiknis og Aþenu um rekstur íþróttahússins að Austurbergi 3. Fylgiskjal 1 telst sem hluti af þessum samningi.

1. gr.

Leiknir heldur áfram rekstri félagshúss, grasvalla, gervigrasvalla, ásamt bað- og búningsklefum að Austurbergi 1 (hér eftir nefnt félagshús og vellir).

Leiknir og Aþena skulu sjá um og bera ábyrgð á rekstri á Íþróttahúsi við Austurberg 3, efri hæð, frá og með 1. janúar 2024, skv. 3.-4. gr. og fylgiskjali 1.

Aðstaða í kjallara íþróttahússins að Austurbergi 3 er ekki hluti af þessum samningi þar sem notkun rýmisins er í endurskoðun vegna leyfismála. Á samningstímanum mun Reykjavíkurborg eiga viðræður við Aþenu um notkun á aðstöðunni að lokinni endurskoðun.

Íþróttabandalag Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR), Aþena og Leiknir skulu hafa samráð um hvernig úthlutun á tímum í Austurbergi 3 skal vera. Fjöldi úthlutaðra tíma skal vera í samræmi við rekstrarfjármagn húsnæðisins samkvæmt fjárhagsáætlun og reglum um úthlutun tíma í íþróttahúsum.

Í starfi félaganna í íþróttahúsi Austurbergs 3 er sérstök áhersla lögð á að efla þátttöku stúlkna og innflytjenda í íþróttum og félagsstarfi. Aþena og Leiknir skulu eiga í góðu samstarfi við Suðurmiðstöð Reykjavíkurborgar að verkefnum sem tengjast fjölmenningu. Aþena ber samkvæmt samningi þessum ábyrgð á allri körfuknattleiksiðkun.

Aþena og Leiknir hafa heimild til að nýta aðstöðu sína í Austurbergi 3 til markaðssetningar með þeim hætti sem getið er um í fylgiskjali 1. Öll slík markaðssetning og slíkar merkingar skulu vera í samræmi við samþykktir, reglur, stefnur, stefnumarkandi áætlanir og annað slíkt sem samþykkt hefur verið á vettvangi Reykjavíkurborgar.

2. gr.

Starfsfólk og stjórn Leiknis og Aþenu skulu kynna sér siðareglur, jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim. Leiknir og Aþena skulu jafnframt veita Reykjavíkurborg upplýsingar um þátttöku í starfinu eftir kyni sé þess óskað.

Leiknir og Aþena skulu láta þess getið í öllu kynningarefni á vegum félaganna að þau hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal það auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Leiknir annast alla þjónustu við æfingar og mót á vegum Leiknis, Aþenu og ÍBR í mannvirkjunum utan þess að Aþena annast þjónustu í Austurbergi 3 í samstarfi við Leikni (skv. fylgiskjali 1). Samráð verður á milli starfsmanna á skrifstofum Leiknis, Aþenu og ÍBR um niðurröðun leikja, móta og æfinga í öllum þeim mannvirkjum sem tilgreind eru í samningi þessum.

Leiknir fær styrk ár hvert í samræmi við húsaleigu- og æfingastyrkjareglur ÍBR og Reykjavíkurborgar.

Leiknir skal greiða rekstrarkostnað vegna íþróttahúsanna og valla, þ.m.t. laun starfsmanna sem starfa við umsjón fasteigna og við bað- og búningsklefavörslu og útkalla vegna brunavarna- og innbrotakerfis utan þess að Aþena greiðir rekstrarkostnað af Austurbergi 3 (skv. fylgiskjali 1). Þá skal Leiknir greiða rafmagn, heitt- og kalt vatn af íþróttamannvirkjunum (félagshús og völlum og Austurbergi 3).

Leiknir skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna mannvirkjanna á vegum Leiknis og ber ábyrgð á því skaðabótaskylda tjóni sem gestir kunna að verða fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi, sem er á ábyrgð félagsins, eða umsjón félagsins á íþróttamannvirkjum.

Leiknir skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum sem samningur þessi nær til og annast allt viðhald og lagfæringar, sem nauðsynlegar verða á samningstímanum utan þess að Aþena heldur við Austurbergi 3 (skv. fylgiskjali 1). Meiriháttar viðhald mannvirkja er á ábyrgð Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg greiðir einnig öll opinber gjöld af mannvirkinu þ.m.t. fasteignaskatt, lóðarleigu og önnur sambærileg gjöld. Rísi vafi um hvort telja skuli tiltekna viðhaldsframkvæmd meiriháttar eða ekki skal við mat á því höfð hliðsjón af ákvæðum IV. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994.

Leiknir skal jafnframt kaupa ábyrgðartryggingu vegna tjóns, sem gæti orðið á mannvirki eða búnaði af völdum mistaka starfsmanna félagsins.

Leiknir skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna Austurbergs 3 á vegum Aþenu (skv. fylgiskjali 1).

Reykjavíkurborg mun greiða fyrir kostnað við sorplosun, brunavarna- og innbrotakerfi. Kostnaður af útköllum vegna bruna- og innbrotakerfis verður greiddur af Reykjavíkurborg og skal Leiknir endurgreiða hann í desember ár hvert. Ef kostnaður vegna sorplosunar fer yfir 400.000 krónur á ári mun Reykjavíkurborg endurkrefja Leikni um mismuninn.

4. gr.

Leiknir og Aþena fá úthlutað tímum í Austurbergi 3 fyrir sína starfsemi í samráði við ÍBR á gildistíma og í samræmi við samning þennan.

Íþróttakennsla verður á vegum skóla- og frístundasviðs í Austurbergi 3. Þá skulu skólar hafa forgang um tíma í íþróttahúsinu frá 8:00 – 14:00 alla virka daga á meðan skólastarf er. Leiknir og Aþena skulu hafa samskipti við skólana um niðurröðun á tímum og hvenær skólar eru með

starfsemi í íþróttahúsinu. Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt „MÍR“) mun sjá um innheimtu til skólanna vegna tíma í Austurbergi 3 og koma þær tekjur ekki til Leiknis.

Í íþróttahúsinu Austurbergi 3 verður íþróttakennsla á vegum grunnskóla og framhaldskóla. Leiknir og Aþena annast þrif og gæslu í bað- og búningsklefum skv. fylgiskjali 1.

5. gr.

Rekstrarframlag Reykjavíkurborgar til Leiknis vegna þessa skal vera samkvæmt áætlun kr. 52.633.312 vegna reksturs í heilt ár þegar öll mannvirkin eru í rekstri Leiknis 12 mánuði yfir árið. Skiptast þau þannig að rekstrarframlög fyrir félagshús (Austurberg 1) og velli er alls kr. 20.056.701 eða kr. 1.671.392 á mánuði. Rekstrarframlög vegna Austurbergs 3 eru kr. 32.576.611 á ári. eða kr. 2.714.718 á mánuði og kemur fyrsta greiðsla vegna þessa í janúar 2024.

Greiðslurnar skulu verðbætast í samræmi við breytingu á launavísitölu frá janúar 2023 907,0 og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2023 569,4. Greiðslurnar skulu uppreiknast árlega í janúar, 50% vegna launavísitölu og 50 % vegna neysluvísitölu. Þá skal greiðsla vegna reksturs Austurbergs 3 hefjast frá og með 1. janúar 2024 og vera til loka samningsins. Þá skal allur kostnaður við rekstur hússins samkvæmt samningi þessum falla á Leikni, ef Reykjavíkurborg greiðir áfram hluta af kostnaði sem á að falla á Leikni samkvæmt samningi þessum þá skal Reykjavíkurborg draga þann kostnað frá greiðslu til Leiknis.

Greiðslur samkvæmt þessum samningi til Leiknis eru vegna reksturs á:

- Félagshúsi við Austurberg 1 ásamt bað- og búningsklefum
- Gervigrasvelli við Austurberg 1
- Grasvelli og æfingaaðstöðu við Austurberg 1
- Íþróttahúsi við Austurberg 3 frá og með 1. janúar 2024. Leiknir greiðir Aþenu framlag vegna reksturs Austurbergs 3 eins og um er getið í fylgiskjali 1

Leiknir og Aþena skulu gera ársuppgjör og leggja fyrir MÍR fyrir 1. apríl ár hvert.

6. gr.

Fyrir 1. mars 2024 skal liggja fyrir úttekt umhverfis- og skipulagssviðs á ástandi íþróttahússins við Austurberg 3. Við lok samningstímans skulu Leiknir og Aþena skila mannvirkjunum í sama ástandi og þau tóku við þeim.

7. gr.

Verði veruleg breyting á rekstri samkvæmt samningi þessum, frá því sem er við undirritun samnings, svo sem vegna kjarasamninga, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningnum og skal ósk um slíkt berast til menningar-, íþrótt- og tólmstundaráðs.

8. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

9. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2023 til 31. maí 2025. Samningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu samningsaðila með 3 mánaða fyrirvara frá þeim degi þegar tilkynning um uppsögn er send gagnaðila með sannanlegum hætti. Ef annað hvort Leiknir eða Aþena segir upp samningi þessum þá skal Reykjavíkurborg taka upp samtal við þann aðila sem ekki sagði upp samningnum um áframhaldandi rekstur á Austurbergi 3.

10. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er fjórar blaðsíður, gerður í þremur eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.

Reykjavík, XX. desember 2023

F.h.Reykjavíkurborgar

F.h. Íþróttafélags Leiknis

F.h. Aþenu íþróttafélags

Samkomulag

milli
Íþróttafélagsins Leiknis, kt. 690476-0299,
og
Aþenu íþróttafélags, kt. 681020-1600,

um rekstur og nýtingu í íþróttahúsinu að Austurbergi 3

1. gr.

Eftirfarandi samkomulag er fylgiskjal 1 við samning um rekstur íþróttamannvirkja milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Íþróttafélagsins Leiknis (hér eftir nefnt Leiknir), kt. 690476-0299, og Aþenu íþróttafélags (hér eftir nefnt Aþena), kt. 681020-1600.

2. gr.

Samkomulagið lýtur að nýtingu og rekstri íþróttahússins að Austurbergi 3. Aþena starfrækir körfuknattleik en Leiknir blak, badminton, knattspyrnu og mögulega aðrar íþróttagreinar sem kunna að verða stofnaðar innan félagsins.

3. gr.

Aþena og Leiknir annast umsjón íþróttahússins og starfsmannahald samkvæmt eftirfarandi:

Starfsmaður 1: Kvenmaður sem vinnur á skólatíma (til 12:00 á föstudögum)

Starfsmaður 2: Karlmaður sem vinnur á skólatíma (til 16:00 alla daga) aðra hverja viku og kvöldvaktir aðra hverja viku (frá 16:00 og um helgar)

Starfsmaður 3: Karlmaður sem vinnur á skólatíma (til 16:00 alla daga) aðra hverja viku og kvöldvaktir aðra hverja viku (frá 16:00 og um helgar)

Starfsmaður 1 og 2 eru starfsmenn Aþenu.

Starfsmaður 3 er starfsmaður Leiknis.

Starfsmenn 2 og 3 skipta með sér vöktum aðra hverja viku. Þannig vinnur annar starfsmaðurinn dagvakt og hinn kvöld- og helgarvakt eina viku. Næstu viku á eftir skipta þeir um vaktir. Vinnutími starfsmanna 2 og 3 á dagvöktum er 8:15-16:00 mánudaga-föstudag. Vinnutími á kvöldvöktum er 16:00-23:15 virka daga auk vakta um helgar.

Aþena ber ábyrgð á öllum starfsmannatengdum málefnum vegna sinna starfsmanna.

Leiknir ber ábyrgð á öllum starfsmannatengdum málefnum vegna sinna starfsmanna.

4. gr.

Aþena annast alla þjónustu við æfingar og mót í íþróttahúsinu sem fram fara utan íþróttakennslu á skólatíma skv. 3. gr. Hver íþróttagrein eða aðili sem stendur fyrir æfingum eða leikjum er ábyrgt fyrir starfsmönnum æfinga og leikja og öllum þeim öðrum starfsmönnum sem styðja við að æfingar og leikir fari fram, s.s. vegna undirbúnings, miðasölu,

frágangs og öryggisgæslu. Sölustarfsemi á körfuknattleiksleikjum er fjáröflun fyrir Aþenu. Sölustarfsemi í húsinu utan leiktíma íþróttanna annarra en körfuknattleiks er fjáröflun fyrir Aþenu

5. gr.

Aþena og Leiknir munu koma sér saman um tíma í húsinu í samráði við ÍBR fyrir æfingar og leiki fyrir íþróttagreinir Leiknis skv. 2. gr á vetrartíma. Skipting tíma tekur mið af keppnisdagatali KKÍ.

Aþenu er heimilt að nýta íþróttahúsið þegar íþróttakennsla skóla fellur niður, s.s. vegna vetrar- eða sumarleyfa eða annarra starfs- og frídaga.

Aþena starfrækir sumarskóla í íþróttahúsinu á dagvinnutíma á sumrin.

Veturinn 2023/24 er Aþena með körfuknattleiksæfingar yngri flokka og meistaraflokks kvenna virka daga 15:00-19:30. Mánudagur (virkur dagur) er leikdagur og Aþena nýtir íþróttahús þar til það lokar. Þriðjudaga klukkan 19:30-21:00 og fimmtudaga klukkan 21:00-22:30 er meistaraflokkur karla í körfuknattleik með æfingartíma. Veturinn 2023/24 er meistaraflokkur kvenna í körfuknattleik að jafnaði með leiki á laugardagskvöldum. Veturinn 2023/24 er meistaraflokkur karla í körfuknattleik að jafnaði með leiki á sunnudagskvöldum. Um helgar eru leik dagar og mót yngri flokka auk æfinga. Veturinn 2024/25 verður nýtingin með svipuðu sniði og veturinn 2024/25 með fyrirvara um keppnisdagatal KKÍ.

6. gr.

Starfsmenn Aþenu og Leiknis annast í sameiningu þrif og baðvörslu á vinnutíma sínum.

Starfsmaður Aþenu skipuleggur í samráði við starfsmenn félaganna hvernig þrifum er háttað í húsinu.

Aþena skipuleggur vaktir starfsmanna félaganna um helgar.

Félögin í samráði við starfsmenn skipuleggja sumarfrí og vinnutíma starfsmanna. Starfsmenn Aþenu sjá um baðvörslu og þrif á sumrin. Starfsmenn Leiknis sjá um þrif á sumrin.

7. gr.

Aþena og Reykjavíkurborg munu á samningstímanum eiga viðræður um nýtingu á aðstöðu í kjallara að Austurbergi 3 undir félagsaðstöðu Aþenu. Aþena heldur Leikni upplýstu um viðræðurnar og niðurstöðu þeirra.

8. gr.

Aþena hefur heimild til að nýta alla aðstöðu í Austurbergi 3 til hvers kyns markaðssetningar s.s. gefa íþróttahúsinu heiti styrktaraðila og setja upp merkingar styrktaraðila utan sem innan

dyra. Leiknir hefur heimild til að setja upp lausar merkingar styrktaraðila í Austurbergi 3 á meðan leikir á vegum Leiknis fara fram.

9. gr.

Leiknir skuldbindur sig til að greiða, rafmagn, heitt vatn, kalt vatn, fráveitu og sorphirðu og kostnað vegna útkalla vegna brunavarna- og innbrotskerfis og trygginga húss og starfsmanna. Aþena skuldbindur sig til að greiða annan rekstrarkostnað, þ.m.t. hreinlætisvörur og viðhald með sama fyrirvara varðandi meiriháttar viðhald og vísað er til í 3. gr. samnings við Reykjavíkurborg sem þetta fylgiskjal tilheyrir. Verði kostnaður verulega meiri en áætlanir Reykjavíkurborgar gera ráð fyrir vegna aukinnar starfsemi í íþróttahúsinu frá fyrra ári skv. þessari grein munu aðilar leita úrlausnar hjá Reykjavíkurborg.

10. gr.

Skipting á framlagi Reykjavíkurborgar vegna reksturs á Austurbergi 3 er eftirfarandi, í samræmi við 9. gr.:

Fjárhæð	Framlag Reykjavíkurborgar	Hlutur Leiknis	Hlutur Aþenu
Laun og launatengd gjöld	25,341,993	10,770,347	14,571,646
Rafmagn	3,573,910	3,573,910	0
Hiti - heitt vatn	1,496,142	1,496,142	0
Kalt vatn og fráveita	56,578	56,578	0
Sorphirða	381,918	381,918	0
Hreinlætisvörur	535,665	0	535,665
Viðhald mannvirkja	338,133	0	338,133
Tryggingar	74,300	74,300	0
Annar rekstrarkostnaður	777,972	466,783	311,189
Samtals	32,576,611	16,819,978	15,756,633
Á mánuði	2,714,718	1,401,665	1,313,053

Leiknir greiðir mánaðarlega til Aþenu alls kr. 1,313,053 fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Skipting framlags vegna launakostnaðar er gerð með fyrirvara um að upplýsingar og áætlanir Reykjavíkurborgar um þann kostnaðarlið hafi verið raunhæfar m.t.t. starfsmanna hússins. Verði munurinn verulegur munu aðilar leita úrlausnar hjá Reykjavíkurborg og endurskoða skiptingu framlags í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Þessar greiðslur eru hluti af framlagi Reykjavíkurborgar til Leiknis vegna reksturs sem Aþena ber ábyrgð á.

Þessi greiðsla er innt mánaðarlega af hendi með þeim fyrirvara að Reykjavíkurborg hafi staðið í skilum við Leikni á mánaðarlegu framlagi vegna Austurbergs 3. Fyrsta greiðsla verður xxx og sú síðasta xxx. Upphæðin er verðbætt skv. 5. gr. samningsins við Reykjavíkurborg sem þetta fylgiskjal tilheyrir.

Greiðsla skv. 1. málsgrein er með sama fyrirvara og um getur í samningi við Reykjavíkurborg sem þetta fylgiskjal tilheyrir, en í honum er gerður fyrirvari um samþykki borgarstjórnar á fjárhagsáætlun ár hvert.

Aþena veitir Leikni á 6 mánaða fresti fjárhagslegar upplýsingar (tekjur og gjöld) um allan rekstur tengdan Austurbergi 3 skv. samkomulaginu. Leiknir veitir Aþenu á 6 mánaða fresti fjárhagslegar upplýsingar (tekjur og gjöld) um allan rekstur tengdan Austurbergi 3 skv. samkomulaginu.

11. gr.

Samkomulagið gildir frá 1. janúar 2024 - 31. maí 2025 og er aðeins uppsegjanlegt með 3 mánaða fyrirvara ef samningi þeim sem fylgiskjal þetta tilheyrir er sagt upp. Uppsögn skal gerð með sannanlegum hætti frá sama degi og fyrrnefndum samningi er sagt upp. Leiknir og Aþena munu hefja viðræður um áframhaldandi samstarf í ársbyrjun 2025 svo fremi sem Reykjavíkurborg verði reiðubúin til að gera nýjan samning vegna íþróttahússins að Austurbergi 3.

12. gr.

Rísi mál út af samkomulagi þessu skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

F.h. Íþróttafélagsins Leiknis

F.h. Aþenu íþróttafélags
